

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 25. júní 2020: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins um undanþágur á ökubanni um göngugötur:***

Þess er óskað að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur svari hvort og þá hvernig það samræmist gildandi mannréttindastefnu borgarinnar að óska eftir því við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að sveitarfélög fái sjálf að ákveða hvaða undanþágur verði veittar á ökubanni um göngugötur. Sömuleiðis hvort sú ósk fari gegn jafnréttisstefnu borgarinnar og stefnu um jafnt aðgengi allra í Reykjavík (það er algilda hönnun og aðgengi fyrir alla). Sérstaklega er vísað í þær athugasemdir frá Öryrkjabandalagi Íslands sem fram hafa komið varðandi þessa ósk Reykjavíkurborgar til Alþingis. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins harma það að þessi ósk hafi verið lögð fram og telja að með henni sé verið að gera lítið úr réttindabaráttu fatlaðra varðandi jafnt aðgengi. Sömuleiðis að kannað verði hvort mannréttindi hafi verið brotin á réttindum fatlaðra og á jafnræðisreglu gagnvart rekstraraðilum, þegar ákveðið var að loka alfarið fyrir umferð ökutækja um rótgrónar verslunargötur. Skýrt er í lögum að óheimilt er að meina fötluðum aðgengi að allri þjónustu sem veitt er í hverju sveitarfélagi. Einnig er bent á að Ísland hefur skrifað undir samþykktir Sameinuðu þjóðanna um jafnan rétt fatlaðra um aðgengi hvers konar.